

líf og list

Reykdælir sýna Jörund

Ungmennafélag Reykdæla sýnir um þessar mundir hið vinsæla leikrit Jónasar Arnasonar, „Þú munið hann Jörund“, sem samkvæmt leikskrá er „ósögulegt leikhúsverk með myndum, tali, söngvum og dönsum frá liðinni tíð“.

23 leikarar koma fram í sýningunni og fara þeir með 31 hlutverk. Leikstjóri er Walesbúinn Nigel Watson, sem er Íslendingum að góðu kunnur. Hann hefur áður

sett upp „Hamlet“ á vegum Háskóla Íslands, „Kaspar“ fyrir Þjóðleikhúsið, „Fröken Júlía alveg óð“ með eigin leikflokki og útvarpsleikritið „Gotcha“, sem flutt var í janúar.

Mjög góð aðsókn hefur verið að fyrstu fimm sýningunum og eru næstu sýningar fyrirhugaðar á fimmtudagskvöldið og á laugardagskvöldið klukkan 21. Sýnt er að Logalandi en miðapantanir eru í gegnum Reykholt. —ATA



Söngtríóíð í uppfærslu Reykdæla á „Þú munið hann Jörund“. Þórunn Reykdal leikur Mary, Þórður Stefánsson Johnny og Þorvaldur Jónsson Paddy.



Meðal gesta við opnunina á laugardaginn voru forsetahjónin, sem sjást hér skoða stærsta verkið á sýningunni.

NORRÆN VEFJALIST AÐ KJARVALSSTÖÐUM

Sýningin „Norræn vefjalist 11“ var opnuð að Kjarvalsstöðum um helgina. Þetta er í annað sinn sem slík sýning er sett upp hér á landi, fyrri sýningin var einnig að Kjarvalsstöðum, í janúar og febrúar 1977.

Sýningin er ávöxtur samstarfs vefara og textilhönnuða á Norðurlöndunum, en árið 1974 kom fyrst saman vinnuhópur veflistarmanna í Danmörku til þess að leggja drög að umfangsmikilli sýningu sem gæti gefið hugmynd um það, sem væri að gerast í vefj-

alist á Norðurlöndunum. Eftir mikla undirbúningsvinnu var svo fyrsta Norræna vefjarlistasýningin opnuð í Listasafninu í Alaborg 1976, sem síðan fór um öll Norðurlöndin.

Í upphafi var ákveðið að stefna að því að koma upp slíkri sýningu þriðja hvert ár og var önnur sýningin opnuð í Röðsska listibnaðarsafninu í Gautaborg í fyrra sumar. Þá var sá háttur hafður á að skipað var dómnefnd í hverju landi, sem valdi síðan verkin á sýninguna. Í íslensku dómnefndinni eru Hrafnhildur Schram, Hörður Agústsson og Magnús Pálsson. 29 íslensk verk bárust og

voru 8 af þeim valin til sýningar. Sýningin, sem opnuð var í Röðsska í fyrrasumar, hefur nú farið um öll Norðurlöndin og lýkur ferðinni hér að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 93 listaverk eftir 87 listamenn. Sýningin fyllir báða sali Kjarvalsstaða og alla ganga. Kennir margra grasa á sýningunni, þar á meðal myndvefnaður, textilþrykk, batik, ísaumur, ryðvefnaður, ofinn skúlpúr og ýmiss blönduð tækni. Undirbúning og uppsetningu að Kjarvalsstöðum önnuðust þær Ásgerður Búadóttir, Ásrún Kristjánsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Ragna Róbertsdóttir og Þorbjörg Þórbardóttir.



Umsjón: Axel Ammendrup



Asgeir Lárusson við eina mynda sinna á Mokka.

Vísismynd: GVA

Ásgeir Lárusson sýnir á Mokka:

Sýningin unnin upp úr einu kerlingablaði!

„Allar myndirnar á þessari sýningu, utan ein, eru unnar upp úr einu þýsku kerlingablaði“, sagði Asgeir Lárusson, sem sýnir þrettán myndir á Mokka kaffi þessa dagana.

„Ég tók kerlingablaðið og skar síðurnar úr því og teiknaði

svo og málaði inn á þær. Það má segja að þessi still sé sambland af grafík og collage“.

Þetta er fjórða einkasýning Asgeirs, auk þess sem hann tók þátt í samsýningu á Kjarvalsstöðum árið 1978. Síðast sýndi Asgeir í Galleri Suðurgötu 7 og seldust þá allar myndirnar á sýningunni.

Myndirnar á sýningunni á Mokka eru allar til sölu og er

verðinu mjög stillt í hóf, kosta flestar 25 þúsund krónur.

„Sýningin hefur sérstök einkunnarorð, og eru þau tilvitnun í Oscar Wilde: Some do it with a bitter look — some do it with a flattering word“.

Sýningin mun standa fram yfir næstu mánaðamót.

—ATA

Eva Knardahl í Norræna húsinu

Norski píanóleikarinn Eva Knardahl heldur tónleika í Norræna húsinu í kvöld klukkan hálf níu.

Eva er meðal bestu píanóleikara Noregs, hlaut meðal annars norsku tónlistargagnrýnendaverðlaunin árið 1968. Hún hefur farið í tónleikaferðir um Evrópu, Sovétríkin og Bandaríkin, og var fastur einleikari með Minneapolis-sinfóníuhljómsveitinni í mörg ár.

Eva Knardahl, sem nú er sextug að aldri, kom fyrst fram opinberlega með Filharmonisk Selskap, þá aðeins ellefu ára gömul.

Á tónleikunum í Norræna húsinu í kvöld leikur Eva norska og sænska tónlist, meðal annars Holberg-svítuna eftir Grieg, og píanósónötu opus 7, mesta píanóverk Griegs.

—ATA

Íslenskir snillingar!

„Íslenskir snillingar“ er fyrir sögnin á grein í „Sænska dagblaðinu“ um tónleika Manuelu Wiesler og Helgu Ingólfssdóttur fyrir í þessum mánuði.

Fer blaðamaðurinn fögrum orðum um snilli Manuelu og Helgu — auk þess sem hann er hrifinn af tónlist þeirra Hjálmars Helga Ragnarssonar og Jóns Þórarinnssonar.

Í greininni segir meðal annars: Það er undarlegt, að Ísland, en þar búa næstum engir innflytjendur, skuli láða til sín svo marga tónlistarmenn frá Austurríki og Suður-Evrópu. Ef til vill eru möguleikarnir á því að slá í gegn meiri í litlu þjóðfélagi en fyrir

flautuleikra á borð við Manuelu Wiesler ætti allur heimurinn að liggja opin.

Um Helgu segir blaðamaðurinn: Helga Ingólfssdóttir er frábær samballeikari og hún er greinilega von þvi að leika með Manuelu. Hún er örugg og fljót að hugsa. Því miður glamraði í hljóðfæri hennar, en það hafði Helga fengið lánað á síðustu stundu.

Að lokum segir: Það er öruggt að í framtíðinni merkir maður við það hjá sér í almanakinu þegar von er á íslenskrum tónlist eða íslenskum tónlistarmönnum.

—ATA